

Reglur um fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ

1. KAFLI Almenn atriði

1. gr. Inntak og markmið fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal veitt til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og III. kafla reglna þessara.

Fjárhagsaðstoð er að jafnaði veitt íbúum í tímabundnum erfiðleikum og er ætlað að mæta grunnþörfum þeirra.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Þess skal gætt að upplýsa umsækjendur um réttindi sín, en jafnframt þá ábyrgð sem á þeim hvílir gagnvart sjálfum sér og öðrum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Fjárhagsaðstoð er veitt í viðeigandi tengslum við önnur úrræði, svo sem félagslega ráðgjöf og leiðbeiningar og í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þjónustan miðar að því að styrkja íbúa til sjálfshjálpar, valdeflingar og virkrar þátttöku í samfélaginu. Virða skal sjálfsákvörðunarrétt umsækjanda og taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og aðstæðum hvers og eins.

Veita skal ráðgjöf og stuðning með samvinnu og samráð að leiðarljósi, sbr. 8. gr. og 58. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, sbr. 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 10. gr. 15. gr. og 24. gr. reglna þessara.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjenda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum, sjúkrasjóðum stéttarfélaga og Sjúkratryggingum Íslands.

2. gr. Framfærsluskýlda

Hverjum manni er skylt að framfæra sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára, sbr. hjúskaparlög nr. 31/1993 og 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Fólk sem er í sambúð á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón og hefur sömu skyldur samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Skal umsækjandi dvelja á Íslandi á því tímabili sem hann fær fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ.

Telji starfsmaður dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrá til nánari athugunar.

Í þeim tilvikum er um ræðir erlenda ríkisborgara innan og utan EES myndast réttur til fjárhagsaðstoðar þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis á Íslandi nema þegar um ræðir umsækjanda sem fellur að leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks.

4. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða ef könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfu um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna sbr. 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Umsækjandi sem bíður afgreiðslu á umsókn hjá t.d. Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun eða öðrum stofnunum geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Fáir umsækjandi bætur sínar greiddar aftur í tímann ber honum að jafnaði að greiða lánið til baka með eingreiðslu. Séu greiðslur ekki afturvirkar breytist lánið í styrk að uppfylltum skilyrðum í reglum þessum.

Heimilt er að veita umsækjanda sem hefur óupplýsta hjúskaparstöðu hjá Þjóðskrá Íslands framfærslulán gegn því skilyrði að hann tilkynni hjúskaparstöðu sína til Þjóðskrár.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá velferðarsviði skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi heimili að endurgreiðslan verði dregin út af bankareikningi hans með undirritaðri millifærslubeiðni eða skuldaviðurkenningu.

Við endurkröfu láns skal leitast við að koma lánþega ekki í þá stöðu að hann geti ekki séð sér og sínum farborða.

Framfærslulán er að jafnaði ekki veitt lengur en í þrjá mánuði í senn. Lán eru vaxtalaus.

5. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð og er að jafnaði um eftir á greiðslur að ræða. Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn. Mál umsækjanda er skoðað sérstaklega með tilliti til þarfa hans fyrir frekari fjárhagsaðstoð.

Gildistími fjárhagsaðstoðar skv. IV. kafla reglna þessa eru þrír mánuðir.

6. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Ekki er skylt að veita fjárhagsaðstoð lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

2. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð

7. gr.

Umsókn og fylgigögn

Við mat á umsókn um fjárhagsaðstoð skulu ávallt liggja fyrir eftirtalin gögn:

- a. Umsókn um fjárhagsaðstoð sem er lögð fram með rafrænum hætti á þjónustugátt Kópavogsbæjar. Umsókn getur líka verið lögð fram á sérstöku eyðublaði, undirrituð af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, m.a. lögheimili, sambúðarstöðu, nafn maka og barna á framfæri, húsnæðisaðstæður og ástæður umsóknar.
- b. Skattframtal, álagningarseðill, staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra vegna umsækjanda og launa- og/eða greiðsluseðlar fyrir tvo síðustu mánuði og þegar við á greiðsluáætlun frá Tryggingastofnun og/eða Fæðingarorlofssjóði. Skila skal sömu upplýsingum fyrir maka eða sambúðaraðila.
- c. Upplýsingar um tekjur og eignir, m.a. greiðslur frá Tryggingastofnun, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum aðilum, innanlands eða erlendis.
- d. Skila ber afriti af húsaleigusamningi ef hann er fyrir hendi.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann skrá sig hjá Vinnumálastofnun og leggja fram staðfestingu þess efnis. Jafnframt skal umsækjandi framvísa staðfestingum á virkri atvinnuleit. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun né sinnt virkri atvinnuleit, án viðhlítandi skýringa, eða sætir biðtíma hjá Vinnumálastofnun hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 11. gr. reglna þessara.

Ef umsækjandi er óvinnufær ber honum að framvísa læknisvottorði sem útgefið er af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda. Í læknisvottorði skal koma fram mat lækni á óvinnufærni og áætlun um endurhæfingu, þegar við á. Læknisvottorð skal að jafnaði ekki vera eldra en fjögurra vikna þegar það er lagt fram og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða nema annað komi fram í einstaklingsáætlun. Ef við á skal umsækjandi skila inn staðfestingu á að umsókn um greiðslur úr öðrum kerfum sé í ferli s.s. frá Tryggingastofnun, sjúkrasjóðum og/eða lífeyrissjóðum.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er erlendur ríkisborgari utan EES ber honum að framvísa skírteini um dvalarleyfi.

Umsækjandi sem hefur fengið dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans á að jafnaði ekki rétt til fjárhagsaðstoðar.

Beri umsókn og fylgigögn hennar ekki með sér nauðsynlegar upplýsingar um framangreind atriði skal starfsmaður tilkynna umsækjanda um hvaða gögn skorti og hvaða afleiðingar slíkt geti haft. Jafnframt skal leiðbeina umsækjanda hvert hann skuli leita til að afla viðkomandi gagna eða til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína, sbr. 9. gr. og 28. gr. þessara reglna.

Umsækjandi skal skila inn nauðsynlegum gögnum í síðasta lagi tveimur vikum eftir að umsókn hefur verið undirrituð. Að öðrum kosti skal umsókn synjað á grundvelli ófullnægjandi gagna.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi sanni á sér deili í eigin persónu og framvísi gildu persónuskilríki. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili, er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða.

8. gr. Rannsóknarskylda

Starfsmaður skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur, eignir og réttindi umsækjanda, svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun, lífeyris-sjóðum, stéttarfélögum, Sjúkratryggingum Íslands, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun og Fæðingarorlofssjóði. Einnig skal afla upplýsinga um önnur atriði eftir því sem umsókn gefur tilefni til. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

9. gr. Upplýsingaskylda

Skýlt er að veita starfsmanni hverjar þær upplýsingar sem máli skipta vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð.

Hafni umsækjandi eða maki hans að veita upplýsingar um aðstæður sínar, þ.m.t. fjárhag, eignir og annað sem varðar umsókn stöðvast afgreiðsla umsóknar.

III. KAFLI Réttur til fjárhagsaðstoðar

10. gr. Grunnfjárhæðir

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til umsækjanda, 18 ára og eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að kr. 267.305,- á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram húsaleigusamning í samræmi við gildandi kröfur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna eða sambúðarfólks getur numið allt að kr. 427.688,-.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til umsækjanda, sem býr með öðrum, leigir húsnæði án húsaleigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er kr. 213.844,-.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til umsækjanda sem býr hjá foreldrum er kr. 106.922,-. Hafi einstaklingur sem fellur undir framangreint forsjá og lögheimili barns, skal umsækjanda reiknuð fjárhagsaðstoð kr. 160.383,-.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til umsækjanda sem dvelur á sjúkrastofnun eða í áfengis- eða vímuefna meðferð er kr. 80.191,-.

Til viðbótar við framfærslugrunn skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast til menntasviðs Kópavogsbæjar.

Sama gildir um daggæslu barns í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Foreldri sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum fær sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn með lögheimili og á framfæri foreldris sem er í daggæslu í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Miðað er við að aðstoðin nemi sömu upphæð og foreldrar greiða í náms- og fæðisgjald fyrir átta stundir á leikskólum Kópavogsbæjar. Greitt er gegn framvísun reiknings.

Í sumarlokunum leik- og grunnskóla er greiddur styrkur fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu að fjárhæð kr. 30.000,- á mánuði vegna þátttöku barns í námskeiðum, sumarbúðum eða öðru sambærilegu tómstundastarfi. Styrkurinn er greiddur gegn framvísun reiknings eða greiðslukvittunar.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af neysluvísitölu til verðtryggingar og skal breytt 1. janúar ár hvert, í samræmi við hana.

11. gr. Lækkun fjárhagsaðstoðar

Hafni umsækjandi vinnu eða vinnumarkaðsúrræðum, hefur verið beittur biðtíma og/eða viðurlögum hjá Vinnumálastofnun, hefur fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbóta eða hefur ekki sinnt virkri atvinnuleit með sannanlegum hætti skal greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu í tvo mánuði.

Umsækjandi sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs og fylgir ekki einstaklingsáætlun skal greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu í tvo mánuði.

Á meðan lækkun grunnfjárhæðar er beitt er heimilt í sérstökum tilvikum að greiða húsaleigu, framvísa skal húsaleigusamningi. Hámarksaðstoð á mánuði fer þó aldrei yfir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar skv. 10. gr. reglna þessara.

12. gr.

Tekjur umsækjanda/maka

Allar skattskyldar tekjur einstaklings og sambúðaraðila í þeim mánuði sem sótt er um koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar skv. 10. gr. og einnig skattskyldar tekjur mánuðinn á undan ef heildar skattskyldar tekjur þann mánuð eru hærri en ein laun lágmarkslaun skv. kjarasamningum Eflingar. Þetta tekjuviðmið á ekki við þegar umsækjandi ber ekki húsnæðiskostnað. Í þeim tilvikum koma allar skattskyldar tekjur í umsóknarmánuði og mánuðinum á undan til frádráttar grunnfjárhæðar umsækjanda við útreikning fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er átt við allar innlendar og erlendar skattskyldar tekjur umsækjanda og sambúðaraðila/maka m.a. atvinnutekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingum Íslands, sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, lífeyrissjóðum, Fæðingarorlofssjóði, leigutekjur eða verktakagreiðslur.

Heimgreiðslur frá Kópavogsbæ koma til frádráttar við útreikning fjárhagsaðstoðar skv. 10. gr. reglna þessara.

Barnabætur, meðlag, barnalífeyrir, húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur og vaxtabætur teljast ekki til skattskyldra tekna.

13. gr.

Eignir umsækjanda/maka

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili peninga eignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og eina fjölskyldubifreið eða bifhjól, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal umsækjanda vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur viðkomandi séu undir viðmiðunarmörkum.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð í formi láns ef umfram eignir eru settar í sölu og framvísað staðfestingu þess efnis. Ef umsækjandi hefur selt eignir eða eignahluta í fyrirtæki eða hlutabréfaeign á yfirstandandi ári ber að skila inn afriti af kaupsamningi og þegar við á ársreikningi. Lán kemur til endurgreiðslu við sölu umframeigna.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf

Atvinnurekandi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur á kost á fjárhagsaðstoð hafi hann hætt rekstri og lokað virðisaukaskattsnúmeri auk þess að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun ásamt því að vera í virkri atvinnuleit með það að leiðarljósi að finna fullt starf.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

15. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið, fyrirbyggjandi starf á sviði farsældar barna og á grundvelli stuðningsáætlunar, er heimilt að veita tekjulágum foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

16. gr.

Námsaðstoð

Framfærslu í námi á framhaldsskólastigi er heimilt að veita til umsækjanda frá 18 ára aldri sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna mikilla og langvarandi félagslegra erfiðleika og eiga ekki rétt á framfærslu frá öðrum aðilum. Ef námsaðstoð er veitt skal liggja fyrir einstaklingsáætlun.

Sótt er um námsstyrk fyrir hverja önn. Forsenda námsaðstoðar er að námsmaður sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu skv. reglum viðkomandi skóla. Að jafnaði skal miða við að lágmarki 80% mætingahlutfall í hverjum mánuði. Að öðrum kosti fellur fjárhagsaðstoð niður. Einkunnum skal skilað við lok hvernar annar.

Heimilt er að veita samþykki fyrir fjarnámi ef veigamikil rök eru fyrir því að umsækjandi geti ekki stundað staðnám. Staðfesting á verkefnaskilum skal skila inn með umsókn mánaðarlega. Einkunnum skal skilað við lok hvernar annar og námsárangur metinn. Skal námið vera liður í valdeflingu umsækjanda.

Stundi umsækjandi nám sem lánshæft er hjá Menntasjóði námsmanna nýtur hann að öllu jöfnu ekki réttar til fjárhagsaðstoðar.

Aðstoð vegna náms skal miðast við grunnfjárhæð sbr. 10. gr. Skattskyldar tekjur umsækjanda koma til frádráttar, sbr. 12. gr. og peningaeign sbr. 13. gr.

Menntunarframlag og/eða barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar sem umsækjandi kann að fá, reiknast honum til tekna.

Heimilt er að veita styrk vegna bókakostnaðar og skólagjalda að hámarki kr. 60.000,- á önn.

17. gr.

Húsbúnaðarstyrkur/lán

Heimilt er að veita húsbúnaðarstyrk/lán til umsækjanda sem eru eignalausir, eiga í miklum félagslegum erfiðleikum, eru með tekjur á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar og eru að hefja búskap í fyrsta sinn eða hafa átt við langvarandi heimilisleysi að stríða.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru allt að 150.000 kr. Greitt er gegn framvísun sundurliðaðra greiðslukvittana.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

18. gr. Greiðsla sérfræðiaðstoðar

a. Heimilt er undir sérstökum kringumstæðum, að veita umsækjanda sem hefur tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum undanfarna 6 mánuði styrk eða lán til nauðsynlegra tannlækninga á Íslandi. Hámark aðstoðar skal vera kr. 100.000,- á 12 mánaða tímabili. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun tannlæknis.

b. Heimilt er að veita umsækjenda sem hefur mátt búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika og hefur verið með skattskyldar tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar í eftirtöldum aðstæðum aðstoð til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum meðferðaraðilum sem hafa starfsleyfi frá Embætti landlæknis, s.s. félagsráðgjöfum, sálfræðingum, geðlæknum og áfengis- og vímuefnaráðgjöfum.

c. Heimilt er að veita umsækjanda sem hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi, heimilisofbeldi eða öðru alvarlegu ofbeldi aðstoð til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum meðferðaraðilum sem hafa starfsleyfi frá Embætti landlæknis, s.s. félagsráðgjöfum, sálfræðingum, geðlæknum og áfengis- og vímuefnaráðgjöfum.

Að jafnaði skal veita aðstoð til greiðslu viðtala að hámarki fimm tíma í senn og að hámarki tíu tíma á ári. Umsögn fagaðila um frekari aðstoð skal liggja fyrir ef sótt er um aðstoð umfram fimm tíma.

19. gr. Útfararstyrkir/lán

Heimilt er að veita styrk eða lán vegna útfarar þegar sannreynt hefur verið að dánarbú getur ekki kostað útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna og útprentun úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra.
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar frá aðstoð velferðarsviðs.
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 28. gr. og sbr. 31. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita tekjulágum eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfarar þegar eignir dánarbús hrökkva ekki til og eignir eftirlifandi maka eru ekki umfram íbúðarhúsnaði sem umsækjandi býr í og ein fjölskyldubifreið, sbr. 13. gr.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum lán eða styrk vegna útfararkostnaðar barns þess þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför barns og eignir foreldra eru ekki umfram íbúðarhúsnaði sem umsækjandi býr í og ein fjölskyldubifreið, sbr. 13. gr.

Hámark aðstoðar er kr. 250.000,-.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu.

20. gr.

Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum umsækjanda eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð í formi styrks eða láns vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Einnig er heimilt að veita aðstoð vegna heildarþrifa á íbúð sem er orðin heilsuspillandi og telja megi óviðunandi að búa við þær aðstæður. Skilyrði er að lögð séu fram gögn frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélagsins. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr.

21. gr.

Ábyrgðaryfirlýsing vegna tryggingar húsaleigu

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr. til þeirra sem eru að glíma við húsnæðisvanda, félagslega erfiðleika og eru með samanlagðar skattskyldar tekjur sem samsvara að hámarki kjarasamningsbundnum lágmarkslaunum Eflingar.

Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða öðrum lánastofnunum.

Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skulu liggja fyrir áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal staðfestingu á því að leigusamningur hafi verið skráður í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. 5. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 og/eða afriti af þinglýstum húsaleigusamningi þegar hann liggur fyrir.

Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán.

Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

22. gr.

Styrkur/lán vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki styrk eða lán að hámarki 140.000,- kr. vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a. Að tekjur umsækjanda séu á eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar.
- b. Að fyrir liggi yfirlit starfsfólks velferðarsviðs eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda.

- c. Að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana, þar sem það á við.
- d. Að fyrir liggi samningur um félagslega ráðgjöf eða fjármálaráðgjöf, þar sem það á við.

Ekki er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk né lán til greiðslu skattskulda eða sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Styrkur/lán kemur að jafnaði aðeins til álita sýni umsækjandi fram á að styrkur eða lán muni breyta skuldastöðu hans til hins betra þegar til lengri tíma er litið.

Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

23. gr.

Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð í málum þar sem verið er að veita markvissan stuðning til aukinnar virkni og þátttöku. Aðstoðin miðar að því að viðhalda árangri sem náðst hefur með úrræðum og/eða stuðningsvinnu.

Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum. Liggja skal fyrir einstaklingsáætlun og þegar við á endurhæfingaráætlun hjá Tryggingastofnun.

Heimilt er að greiða gjald fyrir umsækjanda sem dvelur á meðferðarheimili á Íslandi vegna áfengis- og vímuefnaðferðar.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að greiða húsaleigu að hámarki í þrjá mánuði meðan á inniliggjandi dvöl stendur. Hámarksaðstoð á mánuði fer þó aldrei yfir grunnfjárhæð umsækjanda sem rekur eigið heimili.

24. gr.

Sérstök aðstoð í desember

Veittur er styrkur í desember sem nemur 25% af grunnaðstoð umsækjanda til þeirra sem eiga við sérstaka félagslega erfiðleika að etja og hafa verið undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar að jafnaði undanfarna þrjá mánuði. Styrkur að upphæð kr. 6.000,- er veittur fyrir hvert barn sem hefur lögheimili hjá og er í forsjá umsækjanda.

V. KAFLI

Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

25. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef upplýsingar um nauðsyn á aðstoð berast með öðrum hætti. Taka skal

ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

26. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er.

27. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur Kópavogsbæjar.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsfólki er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Kópavogsbæjar sem aðgengileg er á vefsíðu bæjarins.

28. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið velferðarsviðs Kópavogsbæjar, skal starfsfólk í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

29. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

30. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur velferðarsvið Kópavogsbæjar endurkafið viðkomandi um

fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

31. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Kópavogsbæjar.

Velferðarráð Kópavogsbæjar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni og greinargerð frá starfsfólki liggur fyrir.

32. gr.

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun. Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að velferðarráð Kópavogsbæjar fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast velferðarráði innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

33. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var kunngerð ákvörðun velferðarráðs.

34. gr.

Gildistaka

Reglur þessar byggja á 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og eldri reglum um fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ sem samþykktar voru í bæjarstjórn 10. nóvember 2020.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði þann 28. nóvember 2024 og bæjarstjórn þann 10. desember 2024. Reglurnar taka gildi þann sama dag og við gildistöku þeirra falla úr gildi eldri reglur um fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ.

Breytingar á reglum þessum voru samþykktar í bæjarráði þann 11. febrúar 2026 og bæjarstjórn þann 24. febrúar 2026. Reglurnar taka gildi þann sama dag og við gildistöku þeirra falla úr gildi eldri reglur um fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ.